

Alþingi
Erindi nr. P 136/1340
komudagur 19.3.2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. mars 2009
Tilvísun 111
KR

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál.

Kauphöllin styður frumvarpið en gerir jafnframt tillögu að breytingum á 2. gr. d lið og á 3. gr. frumvarpsins. Tillögurnar eru eftirfarandi:

I. Við 2. gr. d lið verði bætt við “og dreifða eignaraðild verði henni viðkomið”.

Liður d., 2. gr. verði því eftirfarandi:

d. að selja eignarhluti samkvæmt þessari grein með gagnsæjum hætti og í samræmi við gildandi lög og dreifða eignaraðild verði henni viðkomið,


II. Gerð verði breyting á annari málsgrein 3. greinar og að bætt verði við nýrri setningu í lok greinarinnar.

Greinin verði því eftirfarandi:

3. gr.

Félagið skal vinna að markmiðum laga þessara með eins skilvirkum og skjóttum hætti og aðstæður leyfa þannig að atvinnufyrirtækin verði sem fyrst sjálfbær og rekstrarhæf og geti starfað í samræmi við tilgang sinn.

Miða skal við að sala eignarhluta í atvinnufyrirtækjum sem félagið hefur eignast og orðin eru rekstrarhæf eigi sér stað eins skjótt og auðið er og markaðsaðstæður leyfa. Við sölu skal sérstaklega horft til þess að koma fyrirtækjunum í almenningsseign.

Virðingarfyllt,


f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Kristín Rafnar.